

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um Vísinda- og nýsköpunarráð

Frá forsætisráðherra.

1. gr.

Markmið

Markmið laga þessara er að efla vísindastarf, tækniþróun og nýsköpun hér á landi svo styrkja megi íslenskt þekkingarsamfélag og auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að efla stefnumótun og auka samhæfingu á sviði vísinda, nýsköpunar og tækni.

2. gr.

Ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun

Ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun virtur að samræmdri sýn og stefnu um vísindi, tækni og nýsköpun. Nefndin er skipuð ráðherra, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins, ráðherra er fer með fræðslumál og vísindamál og ráðherra er fer með málefni atvinnuþróunar, tækniþróunar og nýsköpunar. Ráðherra kveður aðra ráðherra til setu í ráðherranefndinni eftir því sem við á.

3. gr.

Vísinda- og nýsköpunarráð

Vísinda- og nýsköpunarráð er til ráðgjafar fyrir ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun. Ráðið starfar sjálfstætt og fjallar um stöðu vísinda, tækni og nýsköpunar á Íslandi með tilvísun til alþjóðlegrar þróunar í stefnumótun á sviðinu. Vísinda- og nýsköpunarráð skal vinna að því að efla samfélagsumræðu um vísindi, nýsköpun og tækni með fagleg og lýðræðisleg sjónarmið að leiðarljósi. Vísinda- og nýsköpunarráð er skipað níu einstaklingum sem ráðherra skipar til 4 ára í senn á grundvelli tillagna tilnefningarnefndar, þar af einn sem formann ráðsins. Jafnframt skulu með sama hætti skipaðir allt að níu varamenn. Ráðherra leggur tillögu um skipan ráðsins fram við ráðherranefnd til kynningar.

Vísinda- og nýsköpunarráð heldur að jafnaði 1-2 fundi árlega með ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun.

4. gr.

Stefnumótun

Ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun mótar stefnu stjórnvalda í málefnum vísinda, tækni og nýsköpunar. Stefna ráðherranefndarinnar skal sett fram í tvennu lagi, annars vegar sem langtímasýn til 10 ára sem endurskoðuð skal á fjögurra ára fresti, og hins vegar sem aðgerðaáætlun sem taki til skemmri tíma.

Vísinda- og nýsköpunarráð leggur fram árlega skýrslu til ráðherra. Í skýrslunni skal fjallað um stöðu málaflokksins hér á landi í alþjóðlegu tilliti, um stefnumótun stjórnvalda og

framfylgd hennar og helstu samfélagslegar áskoranir. Ráðherra leggur skýrsluna fram til umræðu á Alþingi.

5. gr.

Stuðningur við vísinda- og nýsköpunarráð

Ráðuneytið veitir ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun faglega þjónustu og ráðgjöf, einkum við útfærslu stefnumótunar, greiningar- og upplýsingavinnu og undirbýr fundi vísinda- og nýsköpunarráðs og ráðherranefndar, auk annarra verkefna eftir þörfum hverjum sinni.

Starfsmenn sem sinna þjónustu og ráðgjöf skv. 1. mgr. skulu vera sjálfstæðir í þeim faglegu störfum og óháðir fyrirmælum frá ráðherra og öðrum. Að því marki sem þeir sinna öðrum verkefnum skal tryggt að þau leiði ekki til hagsmunaárekstra.

6. gr.

Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna fulltrúa til skipunar í vísinda- og nýsköpunarráð. Við tilnefningu á fulltrúum í ráðið skal tilnefningarnefnd hafa hlutverk vísinda- og nýsköpunarráðs að leiðarljósi og leggja áherslu að ráðið sé vel skipað fólki með yfirgrípsmikla þekkingu og reynslu á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.

Forsætisráðherra skipar þrjá einstaklinga í tilnefningarnefnd, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Samstarfsnefndar háskólastigsins, einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu samtaka fyrirtækja í iðnaði og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Vísinda- og nýsköpunarráðs og tilnefningarnefndar.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi lög um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003.

9. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003, með áorðnum breytingum.
 - a. Í stað heitisins „Vísinda- og tækniráð“ í öllum beygingarmyndum þess í 2. gr., 1. mgr. 5. gr., 6. gr., 6. gr. a, 6. gr. b, 6. gr. d., 7. gr., 2. mgr. 9. gr., 1. mgr. 12. gr. kemur: ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun.
 - b. Í stað heitisins „Vísinda- og tækniráð“ í öllum beygingarmyndum þess í 2. mgr. 5. gr. kemur „Vísinda- og nýsköpunarráð“
 - c. Í stað heitisins „vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs“ í öllum beygingarmyndum þess í 5. gr. kemur: stjórn Rannsóknasjóðs.

- d. Í stað heitisins „vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs“ í öllum beygingarmyndum þess í 6. gr. c. kemur: stjórn Innviðasjóðs.
 - e. Í stað heitisins „vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs“ í öllum beygingarmyndum þess í 1. og 6. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. kemur: Vísinda- og nýsköpunarráð.
 - f. Í stað orðanna „vísindanefndar og tækninefndar Vísinda- og tækniráðs“ í 1. mgr. 6. gr. b kemur: Vísinda- og nýsköpunarráðs.
- 2. Lög um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun nr. 75/2007, með áorðnum breytingum.
 - 3. Lög um Landsbókasafn Íslands nr. 142/2011.
 - a. Í stað orðanna „einn af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. kemur: einn af Vísinda- og nýsköpunarráði.
 - 4. Lög um vandaða starfshætti í vísindum, nr. 70/2019.
 - a. Í stað heitisins „Vísinda- og tækniráðs“ í öllum beygingarmyndum þess í lögnum kemur: Vísinda- og nýsköpunarráð.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í samstarfi forsætisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og er því ætlað að koma í stað laga um Vísinda- og tækniráð frá árinu 2003. Á þeim samtján árum sem liðin eru frá því lögin voru samþykkt hafa miklar breytingar orðið á málaflokki vísinda-, tækni og nýsköpunar en bæði yfirstjórn málaflokksins og hlutverk ráðsins hafa staðið óbreytt. Á þessu tímabili hafa komið fram ítrekaðar ábendingar í erlendum og innlendum úttektum á íslenska vísinda- og nýsköpunarkerfinu um nauðsyn endurskoðunar og breytinga. Forsætisráðherra skipaði verkefnishóp til að endurskoða lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs undir lok árs 2018. Hópurinn átti viðtækt samráð við sérfræðinga og hagsmunaaðila eins og tilgreint er í fimmta kafla þessarar greinargerðar. Í ágúst árið 2020 skilaði hópurinn niðurstöðum sínum í skýrslu þar sem fjallað var um stöðu mála hérlandis, greint frá fyrirkomulagi í samanburðarlöndum og settar fram tillögur um framtíðarfyrirkomulag yfirstjórnar vísinda-, tækni- og nýsköpunarmála ásamt áhrifamati. Það fyrirkomulag vísinda, tækni og nýsköpunarmála sem sett er fram í þessu frumvarpi byggist á vinnu starfshópsins.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Markmið nýs fyrirkomulags vísinda, tækni og nýsköpunarmála er að styrkja langtímastefnumótun í vísinda- og nýsköpunarmálum með heildrænni nálgun á málaflokkinn, skýrari hlutverkum helstu aðila, öflugri sjálfstæðri gagnagreiningu, ásamt eftirfylgni og auknu samstarfi og samhæfingu á milli ráðuneyta. Í tillögunni er miðað að því að standa vörð um styrkleika núverandi kerfis eins og það var skilgreint í lögum um Vísinda- og tækniráð nr. 2/2003.

Styrkleikar varðveittir

Það reyndist farsælt að færa ráðið yfir á efsta stig stjórnsýslunnar og hefur hlutverk forsætisráðherra í Vísinda- og tækniráði gefið málaflokknum aukið vægi og eftir yfirsýn. Samstarf ráðuneyta og heildarsýn yfir stefnu um vísindi, tækni og nýsköpun jókst með tilkomu ráðsins og samstarfshóps um málefni Vísinda- og tækniráðs. Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta bera nokkur ráðuneyti ábyrgð á málefnum vísinda og rannsókna þótt meginábyrgðin sé á hendi mennta- og menningarmálaráðuneytis. Nýsköpunarmál eru að sama skapi á ábyrgð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Hvað sem formlegri skiptingu málefna á milli ráðuneyta liður eru þetta hvort tveggja viðfangsefni sem snúa að öllum ráðuneytum og í raun að flestum sviðum samfélagsins. Því skiptir sköpum sá góði árangur sem hefur náðst með samstarfi ráðuneyta þegar kemur að því að móta framtíðarsýn um málefni vísinda, tækni og nýsköpunar. Samstarfshópur starfsfólks ráðuneytanna hefur þar gegnt mikilvægu hlutverki.

Frá árinu 2014 hefur ráðið gefið út aðgerðaáætlun með stefnu og hefur það orðið til að auka gagnsæi við framkvæmd stefnu ráðsins. Staða aðgerða stefnunnar er uppfærð reglulega á vef ráðsins. Frá innleiðingu laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, hefur þess verið gætt að stefna og aðgerðaáætlun Vísinda- og tækniráðs endurspeglar í fjármálaáætlun, undir málefna sviði þess ráðuneytis sem ber ábyrgð á viðkomandi aðgerðum í áætluninni. Með þessu móti hefur tenging ráðsins við verkefni ráðuneyta og fjárveitingar verið eflað. Nýtt fyrirkomulag miðar að því að standa vörð um samstarf ráðuneytanna, enda má ætla að með

aukinni áherslu á samfélagslegar áskoranir og meiri áherslu á nýsköpun og tæknibreytingar verði samstarf þeirra jafnvel enn mikilvægara en áður.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ný lögbundin ráðherra nefnd um vísindi og nýsköpun gefi út samræmda stefnu um vísindi, nýsköpun og tækni ásamt aðgerðaáætlun. Þá er gert ráð fyrir að upplýsingum um framvindu aðgerða verði miðlað með reglubundnum hætti og aðgerðaáætlun uppfærð.

Samhliða því að standa vörð um styrkleika núverandi fyrirkomulags er nýju fyrirkomulagi ætlað að stuðla að úrbótum þar sem þeirra er þörf:

Skýrara hlutverk ráðsins

Þrátt fyrir að Vísinda- og tækniráð sé stefnumótandi samkvæmt gildandi lögum hefur það í raun mun frekar gegnt ráðgefandi hlutverki. Stefnumótandi hlutverk ráðsins hefur ekki samræmst vel íslenskri stjórnskipan og hefðum þar sem ráðherrar eru æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins, hver á sínu málefnasviði. Ráðherrar eru ekki lagalega bundnir af stefnu ráðsins, jafnvel þó að þeir sitji í ráðinu og samþykki hana, og því hefur borið á því að þær væntingar sem stefnan hefur gefið hafi ekki verið uppfylltar. Núna er það undir ráðherrunum sjálfum komið að hve miklu leyti þeir nýta sér vettvang ráðsins og fagþekkingu starfsnefnda þess þegar þeir móta stefnu í sínum málaflokkum. Fjármögnun verkefna eða forgangsörðun er enn fremur á könnu hvers ráðuneytis fyrir sig. Framgangur stefnu ráðsins byggist fyrst og fremst á því hvort þeir ráðherrar sem bera ábyrgð á tilteknum verkum og fjármögnun þeirra sjái til þess að verkefnunum verði hrint í framkvæmd. Það hefur því verið afar mikilvægt að tryggja eignarhald ráðherranna á stefnunni við mótun hennar. Óskýrt hlutverk ráðsins hefur gert það að verkum að stefnan hefur vakið væntingar sem ráðið hefur ekki alltaf getað staðið undir. Þessi staða hefur jafnvel haft vantraust í för með sér, einkum þegar einstök stefnumarkmið, svo sem aukin fjármögnun sjóða, ná ekki fram að ganga.

Það var mikilvægt markmið við setningu laganna árið 2003 að efla tengsl stefnu um vísindi og nýsköpun við aðra stefnumótun ríkisstjórnarinnar, til dæmis á sviði efnahags-, atvinnu- og menntamála. Í erlendum úttektum á ráðinu hefur verið bent á að pólitísk áhrif Vísinda- og tækniráðs á stefnu efnahags- og atvinnumála hafi verið fremur lítil.

Tillaga þessa frumvarps um tvískiptingu verksviðs Vísinda- og tækniráðs er svar við þeim vanda sem hér hefur verið lýst, þ.e. að í stað núverandi fyrirkomulags komi ný og lögbundin ráðherra nefnd um vísindi og nýsköpun með skýrt stefnumótandi hlutverk og Vísinda- og nýsköpunarráð sem sinni ráðgefandi hlutverki sem byggist á traustum greiningum.

Efla sjálfstæða ráðgjöf til stjórnvalda

Eins og málum er núna hátt að situr stór hópur fólks með mikla þekkingu á vísindum, nýsköpun og tækni í Vísinda- og tækniráði og starfsnefndum þess. Þessir sérfræðingar eru tilnefndir af aðilum vinnumarkaðarins, háskólum og ráðherrum. Í starfsnefndunum fer fram fagleg umræða um stefnu með þátttöku fulltrúa háskóla, stofnana, hagsmunasamtaka og fyrirtækja. Samtalið er ótvíræður styrkleiki núverandi kerfis og styður við starfsemi ráðuneytanna þar sem fámennur hópur sérfræðinga sinnir því mikla verki að móta stefnu ráðherra í viðamiklum málaflokkum, fylgja henni eftir í framkvæmd og meta árangurinn. Starfsnefndirnar undirbúa stefnu ráðsins í samstarfi við ráðuneyti.

Núna eru starfsnefndirnar hluti af Vísinda- og tækniráði og bera samkvæmt laganna hljóðan ábyrgð á mótun stefnunnar. Hlutverk starfsnefndanna er því ekki aðeins að veita ráðgjöf heldur einnig að móta stefnu. Það var mat verkefnishóps forsætisráðherra, eins og áður

hefur komið fram, að betra væri að aðskilja þessi tvö hlutverk þannig að ljóst væri að sérfræðingar eru ráðgefandi og um leið hefðu þeir meira frelsi til að tjá sig opinberlega.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að starfsnefndirnar verði lagðar af. Nýtt Vísinda- og nýsköpunarráð verði nú sjálfstætt ráðgjafarráð sem á í reglubundnu samtali við ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun. Lögð er áhersla á sjálfstæði ráðsins og að það hafi öfluga rödd í samfélaginu og styðji, með umfjöllun sinni, við faglega stefnumótun ráðuneyta. Fólk veljist í ráðið á grundvelli krafna um umtalsverða reynslu á vettvangi vísinda, nýsköpunar og tækni.

Áhersla á vel skipað Vísinda- og nýsköpunarráð

Í núverandi kerfi skipar forsætisráðherra aðra fulltrúa en ráðherra í Vísinda- og tækniráð samkvæmt tilnefningum annarra ráðherra og hagsmunaaðila í samræmi við 3. gr. laga nr. 2/2003. Vandinn við þetta fyrirkomulag er að það gerir forsætisráðherra erfitt um vik að horfa til heildarsamsetningar ráðsins með tilliti til ólíkrar þekkingar og reynslu. Það skapar hættu á að stór hluti tilnefningaraðila leggi til fólks með svipaðan bakgrunn. Þótt hver og einn þeirra geti verið öflugur meðlimur í ráðinu getur þetta leitt til ójafnvægis í þekkingu og reynslu þegar litið er til samsetningar hópsins.

Til að efla heildarhugsun við skipun ráðsins er lagt til að í stað þess að margir aðilar tilnefni í ráðið geri sérstök tilnefningarnefnd tillögu til forsætisráðherra að skipan ráðsins.

Sterkari grunnur stefnumótunar

Notkun gagna og úttekta í stefnumótun hefur aukist í takt við flóknar áskoranir samtímans, aukna óvissu um framtíðarþróun og agaðri vinnubrögð við stefnumótun eftir innleiðingu breytinga í kjölfar setningar laga um opinber fjármál árið 2015. Einn af veikleikum núverandi kerfis er skortur á gögnum, greiningum og áhrifamati á þeim leiðum sem farnar eru við framkvæmd stefnu. Í úttektum erlendra aðila á kerfinu hér á landi hefur verið bent á að erfitt sé fyrir Vísinda- og tækniráð að sinna stefnumótandi hlutverki vegna þess að það skorti stuðning og fagþekkingu. Þetta leiði til skorts á gagnsæi og geti grafið undan trausti. Á sama tíma hefur áhersla á grundaða stefnumótun og notkun árangursmælikvarða farið vaxandi innan Stjórnarráðsins. Starfsnefndir ráðsins hafa ítrekað bent á skort á stuðningi við stefnumótun ráðsins. Mikilvægt er að skapa meiri stöðugleika í greiningum á kerfinu og fylgjast betur með árangri stjórnvaldsaðgerða sem snerta vísindi og nýsköpun. Byggja þarf upp færni innan stjórnkerfisins á sviði greiningar og áhrifamats um vísindi, tækni og nýsköpun.

Í tillögunni er gert ráð fyrir sérstakri einingu innan ráðuneytisins með sérfræðingum á sviði greiningar, mats og úttekta á sviði vísinda, nýsköpunar og tækni sem styðji starf ráðherranefndar og vísinda- og nýsköpunarráðs.

Öflugri langtímasýn

Í skýrslu verkefnishóps forsætisráðherra er fjallað um þá gagnrýni sem komið hefur fram um að heildstæða langtímasýn skorti á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. Stefnumótun til þriggja ára sé of skammsýn, fremur ætti að horfa til 5–10 ára í senn. Bent er á að skýrari tengingu vanti á milli aðgerða og framtíðarsýnar. Því er í frumvarpi þessu lagt til að eitt af hlutverkum ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun verði að gefa út framtíðarsýn til 10 ára á fjögurra ára fresti og hafi nefndin til hliðsjónar ábendingar frá Vísinda- og nýsköpunarráði.

Skilvirkara og sveigjanlegra fyrirkomulag

Í núverandi Vísinda- og tækniráði sitja 23 fulltrúar. Ráðið er fjölmennt og eitt af því sem bent hefur verið á er að fundir þess séu ekki nægilega skilvirkir. Núverandi skipulag þykir

óþarflega þungt í vöfum og svífaseint og skipunarferli í stjórnir sjóða þungt og tímafrekt. Á þetta hefur verið bent bæði á skýrslu verkefnishóps forsætisráðherra og í úttektarskýrslum.

Tillögur í frumvarpi þessu miða að því að einfalda skipulagið. Einnig er lagt til að efla undirbúning funda ráðsins og ráðherranefndar, og sameiginlega fundi, til dæmis með betri upplýsingum og gögnum greiningar- og þjónustueiningin innan ráðuneytisins gæti veitt. Slíkt myndi treysta grundvöll fyrir upplýstar umræður á fundum og gerði þá markvissari.

Sýnilegra ráð

Fram kemur í skýrslu verkefnisstjórnar forsætisráðherra að fáir utan þess hóps sem kemur að stefnumótun um vísindi og nýsköpun í Stjórnarráðinu og hjá hagsmunaaðilum þekki til starfa Vísinda- og tækniráðs eða átti sig á hlutverki þess. Í rannsóknnum hópsins kom í ljós að málaflokkurinn væri frekar ósýnilegur, til dæmis væri erfitt að nálgast greiningar um stöðu rannsókna og nýsköpunar, aðrar en þær sem Hagstofa Íslands birtir reglulega.

Við þessu er brugðist í frumvarpinu, annars vegar með auknu sjálfstæði Vísinda- og nýsköpunarráðs og hins vegar með tillögu um reglubundna útgáfu. Vísinda- og nýsköpunarráð veitir stjórnvöldum endurgjöf með árlegri skýrslu um stefnu stjórnvalda ásamt rökstuddum tillögum til úrbóta þar sem koma fram ábendingar varðandi stefnumótun og áherslur í málaflokknum. Gert er ráð fyrir að sú skýrsla komi til umfjöllunar á Alþingi og í fjölmiðlum. Ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun gefur út framtíðarsýn, stefnu og aðgerðaáætlun.

3. Meginefni frumvarpsins.

Veigamesta breyting sem í frumvarpi þessu er lögð til á núverandi fyrirkomulagi er aðskilnaður ráðgefandi og stefnumótandi hlutverks ráðsins svo að annars vegar sé starfandi ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun og hins vegar sjálfstætt og faglegt vísinda- og nýsköpunarráð sem sé ráðgefandi. Þessi niðurstaða byggist á vandlegri skoðun á skipulagi í samanburðarlöndum og öðrum OECD-ríkjum. Þá er lagt til að sett verði á laggirnar eining innan ráðuneytisins með sérfræðingum á sviði greiningar, mats og úttekta á sviði vísinda, nýsköpunar og tækni sem styðji starfsemi beggja og styrki þannig grunn stefnumótunar. Eftirfarandi er nánari umfjöllun um helstu efnisatriði frumvarpsins.

Ný ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun og samstarf ráðuneyta

Frumvarpið felur í sér að ný ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun verði lögfest og leidd af forsætisráðherra og að í henni sitji aðeins ráðherrar. Stefnumótunarhlutverkið er á könnu hvers ráðherra fyrir sig og því er það hlutverk ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun undir formennsku forsætisráðherra að samræma stefnu þvert á ráðuneyti og auka yfirsýn, skerpa framtíðarsýn og efla gagnsæi í stefnumálum vísinda, nýsköpunar og tækni. Nefndin styðjist í því við virka ráðgjöf Vísinda- og nýsköpunarráðs. Í ríkjum OECD er algengast að ráð eins og Vísinda- og nýsköpunarráð gegni ráðgefandi eða samræmandi hlutverki fremur en stefnumótandi.

Lagt er til að reglulega gefi ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun út framtíðarsýn í málefnum vísinda, nýsköpunar og tækni til 10 ára og er fordæmi um slíkt sótt til sambærilegs ráðs í Finnlandi og til svipaðrar stefnu sem sett er fram fyrir háskóla og vísindi í Noregi. Nefndin gefi einnig út stefnu og aðgerðaáætlun með mælanlegum markmiðum til skemmri tíma. Framvindu verði miðlað með reglubundnum hætti. Uppfærðar aðgerðaáætlanir kæmu út um það bil þremur mánuðum fyrir fjármálaáætlun til að auðvelda tengingu þeirra við fjárlagaferlið. Með þessu er brugðist við gagnrýni um að stefnumótun til þriggja ára í

núverandi fyrirkomulagi sé of skammsýn og að heildstæða langtímasýn skorti á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar.

Samstarfshópur ráðuneyta

Til að hin nýja ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun geti uppfyllt samræmingarhlutverk sitt er talið mikilvægt að standa vörð um samstarfshópinn sem í sitja sérfræðingar ráðuneyta. Formaður hópsins er starfsmaður forsætisráðuneytis og gegnir hópurinn lykilhlutverki við að samtvinnu vinnu ráðuneytanna. Gert er ráð fyrir að samstarfshópur um málefni Vísinda- og tækniráðs starfi í óbreyttri mynd og kallist samstarfshópur um vísindi og nýsköpun. Hlutverk hans verði að tryggja faglegt samstarf ráðherra, m.a. með því að vinna að framtíðarsýn, stefnu, aðgerðaáætlunum og mælikvörðum. Samstarfshópurinn standi að samráði við hagsmunaaðila við stefnumótun. Greiningar- og þjónustueiningin innan ráðuneytisins aðstoði við uppfærslu mælikvarða og aðgerða, textavinnu, upplýsingagjöf á vefsíðu o.s.frv. Samstarfshópurinn verði þannig áfram vettvangur faglegra umræðna um stefnumótun, uppbyggingar og miðlunar þekkingar á milli ráðuneyta og styrkist í því hlutverki.

Vísinda- og nýsköpunarráð

Samhliða ráðherranefnd er í frumvarpinu lagt til að starfi Vísinda- og nýsköpunarráð sem skipað sé af forsætisráðherra til fjögurra ára í senn. Í því sitji níu fulltrúar með afburðapekkingu og reynslu, jafnt af innlendum vettvangi sem erlendum. Markmiðið er að vel skipað ráð með öflugum fulltrúum, sem helst starfi að hluta til erlendis og hafi því ekki hagsmuna að gæta innanlands, geti komið með nýjar tillögur um íslenskt vísinda- og nýsköpunarkerfi og þannig hrist upp í umræðunni. Ráðið spyrji áleitinna spurninga um stöðu mála og komi jafnvel með róttækar hugmyndir að breytingum. Ráðið væri smærra en nú er, skipað til lengri tíma, ekki tengt tilnefningum hagsmunaaðila og stutt af faglegu starfi greiningar- og þjónustueiningarinnar innan ráðuneytisins. Þannig væri það sjálfstæðara í störfum en nú er, frjálssara til breiðari upplýsingamiðlunar til þings og þjóðar og styrkara í sínu ráðgefandi hlutverki.

Lagt er til að nafn ráðsins verði nú Vísinda- og nýsköpunarráð frekar en Vísinda- og tækniráð. Er það í takt við breytta hugtakanotkun á síðustu 20 árum þar sem hugtakið „nýsköpun“ hefur víða komið í stað hugtaksins „tækniþróun“. Hugtakið „nýsköpun“ er víðara en „tækniþróun“, enda tekur það einnig til nýsköpunar sem felur ekki í sér þróun tækni, svo sem nýsköpunar í þjónustu. Finnar gerðu sambærilega nafnbreytingu árið 2009.

Tilnefningarnefnd og samsetning Vísinda- og nýsköpunarráðs

Til að efla heildarhugsun við skipun ráðsins er lagt til að í stað þess að margir aðilar tilnefni í ráðið geri sérstök tilnefningarnefnd tillögu til forsætisráðherra að skipan ráðsins. Forsætisráðherra skipi þrjá í þá nefnd, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu frá fulltrúum fyrirtækja og einn án tilnefningar. Tilnefningarnefndin vinni í samráði við ráðuneyti og hagaðila og óski eftir tillögum um einstaklinga. Á grundvelli samráðs geri nefndin tillögu að ráði með hliðsjón af samsetningu þess með það að markmiði að í því sitji fulltrúar með fjölbreytta reynslu og þekkingu á vísindum, tækni og nýsköpun og opinberri stefnumótun, bæði af innlendum og erlendum vettvangi. Fyrirmynd tilnefningarnefndarinnar er að finna í atvinnulífinu þar sem slíkar nefndir hafa verið að ryðja sér til rúms á undanförunum árum með það að markmiði að vinna gegn einsleitni og stuðla að fjölbreyttri þekkingu og reynslu innan stjórna félaga.

Finnar hurfu frá því fyrirkomulagi árið 2014 að óska eftir tilnefningum frá hagaðilum og velja nú fólk á grundvelli færni og reynslu. Þar í landi er gerður listi með tillögum að fulltrúum og velur forsætisráðherra fulltrúa á grundvelli hans. Sama fyrirkomulag er í Eistlandi. Í Sviss og Hollandi er einnig horft til sérþekkingar og reynslu af vísindum, tækni og nýsköpun og ekki óskað eftir tilnefningum frá hagaðilum. Í Sviss skipar ríkisstjórnin 10–15 manna ráðgjafarráð sem veitir umsögn um stefnu um æðri menntun, rannsóknir og nýsköpun. Það leggur mat á hvort stefna ríkisstjórnar hafi skilað tilætluðum árangri. Í Hollandi er einnig sjálfstætt ráðgefandi ráð um vísindi, tækni og nýsköpun. Það veitir bæði þingi og ríkisstjórn ráðgjöf. Í hollenska ráðinu sitja allt að 10 manns. Þá eru sum ríki Evrópu (t.d. Tékkland og Slóvakía) með sérstök alþjóðleg ráð sem starfa við hlið innlenda kerfisins og um tíma var slíkt ráð í Flæmingjalandi í Belgíu. Tillaga um Vísinda- og nýsköpunarráð í frumvarpinu tekur mið af þessum fyrirmyndum.

Lagt er til að í Vísinda- og nýsköpunarráði sitji bæði innlendir sérfræðingar með sérþekkingu á aðstæðum hér á landi og erlendir sérfræðingar eða Íslendingar sem starfa erlendis. Þetta fyrirkomulag gæti orðið til þess að nýjar hugmyndir kæmu til umræðu fyrir en ella við stefnumótun í málaflokknum hér á landi. Skipun erlendra fulltrúa í ráðið myndi krefjast þess að vinnan færi að hluta fram á ensku en ætla má að ávinningurinn af því að stjórnvöld hefðu aðgang að alþjóðlegri ráðgjöf væri mun meiri en kostnaðurinn við að vinna á tveimur tungumálum. Það getur verið afar mikils virði, ekki síst fyrir lítið ríki með litla stjórnsýslu, að fá ráðgjöf frá fólki sem þekkir vel til þess sem hefur gengið vel eða illa á erlendum vettvangi.

Í þessu samhengi má líta til jákvæðrar reynslu af Gæðaráði íslenskra háskóla, sem er alþjóðlegt ráð sem sett var á laggimar árið 2010. Auk þess að veita ráðgjöf með alþjóðlega tilvísun hafa komið út skýrslur um íslenskt háskólakerfi á ensku fyrir tilstilli Gæðaráðsins. Þetta hefur gert að verkum að það er auðveldara fyrir alþjóðastofnanir á borð við ESB og OECD að afla sér upplýsinga um stöðu mála hér á landi, sem aftur eykur þátttöku Íslands í samanburðarkönnunum á þeirra vegum. Vinna Gæðaráðsins hefur einnig eflt gæðavitund í háskólakerfinu hér á landi. Taka þarf þó tillit til þess að Vísinda- og nýsköpunarráð er á hærra stigi stefnumótunar en Gæðaráðið og því munu kröfur um þýðingar aukast. Það mætti hugsa sér að minnst einn af starfsmönnum sem sinna þjónustu fyrir Vísinda- og nýsköpunarráð sé fær um að skrifa góðan texta á báðum tungumálum.

Hlutverk Vísinda- og nýsköpunarráðs

Lagt er til að Vísinda- og nýsköpunarráð verði sjálfstætt ráð sem veiti endurgjöf í tengslum við stefnu stjórnvalda. Gert er ráð fyrir að ráðherranefndin fundi reglulega með ráðinu og geti leitað til Vísinda- og nýsköpunarráðs eftir þörfum. Þetta er ólíkt finnska og eistneska fyrirkomulaginu þar sem vísinda- og nýsköpunarráð (heitir rannsóknar- og þróunarráð í Eistlandi) er skipað ráðherra og fagfólki, eins og hefur verið fram til þessa hér á landi. Tillagan eins og hún er útfærð í þessu frumvarpi er í samræmi við niðurstöðu verkefnishóps forsætisráðherra sem taldi að betra væri að aðskilja stefnumótandi hlutverk frá ráðgefandi hlutverki, eins og gert er í Hollandi og Sviss, til að auka gagnsæi með því að birta ráðgjöfina sjálfstætt og gefa henni þannig gefið aukið vægi innan sem utan ráðsins.

Miðað er við að ráðið verði sjálfstætt. Það fundi a.m.k. þrisvar sinnum á ári, eða eftir þörfum og haldi tvo fasta fundi með ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun, einn að vori í tengslum við fjárlagagerð og annan að hausti þar sem stöðuskýrsla er kynnt.

Hlutverk ráðsins verði að:

- Veita ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun ráðgjöf um stefnumótun á sviði vísinda, nýsköpunar og tækni og setja mál á dagskrá. Veita nefndinni endurgjöf með því að fjalla um langtímasýn og stefnu þess og setja fram rökstuddar tillögur að umbótum með tilvísun í alþjóðlega þróun á sviði vísinda, nýsköpunar og tækni.
- Stuðla að upplýstri og gagnrýnni umræðu um vísindi, tækni og nýsköpun, stöðu greinanna og mikilvægi fyrir íslenskt samfélag með skýrslum og opnum fundum.
- Birta árlega stöðuskýrslu um vísindi, tækni og nýsköpun á Íslandi. Skýrslan verði snörp og sendi skýr skilaboð, t.d. með tilvísun í mælikvarða og greiningu á virkni og árangri vísinda- og nýsköpunarkerfisins og alþjóðlegan samanburð. Í skýrslunni verði m.a. fjallað um stefnu ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun. Skýrslunni verði ætlað að vekja umræður og koma með tillögur að umbótum. Vísinda- og nýsköpunarráð stuðli að auknum sýnileika málaflokksins og lýðræðislegum umræðum um hann með því að standa að opnum fundi um skýrsluna. Forsætisráðherra kynni skýrsluna á Alþingi. Hún verði þannig grundvöllur viðtækra umræðna, til dæmis í fjölmiðlum, og auki sýnileika málaflokksins.
- Vinna með greiningar- og þjónustueiningunni innan ráðuneytisins að betri þekkingu á stöðu vísinda-, tækni- og nýsköpunarmála á Íslandi, reglubundnum kynningum og mælikvörðum á sviðinu. Niðurstöður þessar verði birtar í skýrslu ráðsins.

Lagt er til að skipunartími ráðsins verði fjögur ár í stað þriggja nú hjá Vísinda- og tækniráði. Þetta er samkvæmt tillögu verkefnishópsins sem taldi að betur fari á því að ráðið starfi í lengri tíma en þrjú ár í senn. Ráðgefandi hlutverk ráðsins og samfella í störfum þess verði þar betur fest í sessi fái ráðið lengri tíma til að starfa. Skipunartími ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun fylgir kjörtímabili ríkisstjórnar hverju sinni.

Stuðningur við Vísinda- og nýsköpunarráð

Lagt er til að sjálfstæð eining innan ráðuneytis vinni fyrir Vísinda- og nýsköpunarráð. Hlutverk þessara starfsmanna verði einnig að veita ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun þjónustu, einkum við greiningar- og textavinnu og undirbúning funda ráðsins og ráðherranefndar, sem og sameiginlegra funda. Þegar litið er til samanburðarríkjana fjögurra sem verkefnisstjórn forsætisráðherra tók mið af, Finnlands, Eistlands, Hollands og Sviss, kemur fram mikil áhersla á að greiningar byggist á traustum gögnum. Ráðin hafa öll tengsl við sérstakar einingar sem sinna greiningu og gagnaöflun fyrir þau. Þetta má sjá glögg í Hollandi og Sviss þar sem ráðin og skrifstofur þeirra eru sjálfstæð og heyra ekki undir ráðuneyti. Skrifstofur ráðanna þar eru öflugar, þar vinna 10–12 manns. Í Eistlandi og Finnlandi er unnið fyrir ráðin innan ráðuneytanna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að stuðningurinn sé veittur innan úr forsætisráðuneytinu og verði þar til að byrja með tveir starfsmenn með sérþekkingu á opinberri stefnumótun og greiningu á vísindum, tækni og nýsköpun. Áhersla er lögð á sjálfstæði þessarar starfseiningar til þekkingaröflunar og ráðgjafar og skulu sérfræðingarnir ekki taka við fyrirmælum annarra á þeim faglegu sviðum sem þeir starfa á.

Hlutverk greiningar- og þjónustueiningar við Vísinda- og nýsköpunarráð verði að:

- Greina stöðu vísinda-, nýsköpunar- og tæknimála á landinu, þróun þeirra, framtíðarhorfur og alþjóðlegan samanburð.

- Leggja mat á áhrif fjárveitinga og aðgerða.
- Vinna sérstakar greiningar fyrir Vísinda- og nýsköpunarráð og ráðuneyti, eftir því sem óskað er og samkvæmt frumkvæði sérfræðinganna ef tilefni er til.
- Taka þátt í alþjóðlegu starfi um greiningu á vísindum, nýsköpun og tækni og opinbera stefnumótun.
- Afla gagna fyrir Vísinda- og nýsköpunarráð og þýða þau yfir á ensku ef nauðsyn krefur.
- Vinna texta fyrir Vísinda- og nýsköpunarráð eftir þörfum, t.d. fyrir árlega stöðuskýrslu þess. Styðja einnig við textavinnu fyrir samstarfshóp ráðuneyta.
- Vinna að uppfærslu mælikvarða um vísindi, nýsköpun og tækni og birta þá. Lykilmælikvarðar vísinda, nýsköpunar og tækni væru skilgreindir af ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun í samráði við Vísinda- og nýsköpunarráð.
- Halda utan um vef Vísinda- og nýsköpunarráðs og uppfæra upplýsingar.

Opinber stuðningur við vísindarannsóknir

Í frumvarpinu eru ekki lagðar til beinar breytingar á fyrirkomulagi opinbers stuðnings við vísindarannsóknir að öðru leyti en að uppfæra lög 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir til samræmis við þær skipulagsbreytingar sem hér eru lagðar til. Í samtölum við hagaðila við vinnslu skýrslu þeirrar sem frumvarp þetta byggir á var lögð mikil áhersla á mikilvægi grunnrannsókna og öflugs Rannsóknasjóðs. Bent var á mikilvægi þess að standa vörð um Rannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð sem sjóði án áherslna (e. „bottom-up“). Hins vegar bentu einnig margir á þörfina fyrir að takast á við brýnar samfélagslegar áskoranir nútíðar og framtíðar með hliðsjón af vísindum og nýsköpun.

Í skýrslu verkefnishópsins var því lagt til að fyrirkomulag markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar yrði einfaldað til að auðvelda ráðuneytum að setja fjármagn til einstakra tímabundinna áhersluverkefna, meðal annars til að bregðast hratt við þörf fyrir þekkingu um samfélagslegar áskoranir. Ekki eru í frumvarpi þessu lagðar til slíkar breytingar með beinum hætti. Markmið verkefna sem styrkt eru af markáætlun skulu nú þó falla að áherslum og markmiðum ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun. Með þeirri heildarbreytingu sem frumvarpið leggur til að stefnumótun sé nú skýrt á höndum ráðherranefndar má telja líklegt að tengingin á milli tímabundinna áhersluverkefna, samfélagslegra áskorana og þess fjármagns sem veitt er úr markáætlun aukist og leysir það hugsanlega hluta þess vanda sem verefnishópurinn bendir á. Ef reynslan sýnir að svo er ekki má sjá til framtíðar tækifæri til áframhaldandi breytinga á markáætlun í takt við það sem verkefnishópurinn leggur til.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gaf ekki sérstakt tilefni til að mats á samræmi þess við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir alla er koma að málefnum vísinda, tækni og nýsköpunar á Íslandi. Það var unnið af starfshópi er skipaður var fulltrúum forsætisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Verkefnishópur um breytt lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs átti umfangsmikið samráð við sérfræðinga og hagsmunaaðila og byggir frumvarp þetta á niðurstöðum hópsins.

Verkefnishópurinn fundaði með eftirfarandi aðilum: forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra, heilbrigðisráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fulltrúum Samtaka iðnaðarins, Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands, Viðskiptaráðs, Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Stjórn Tækniþróunarsjóðs og Rannsóknasjóðs, Samstarfsnefnd háskólastigsins, vísinda- og tækninefndum Vísinda- og tækniráðs, framkvæmdastjóra stýrihóps sóknaráætlana landshluta, framkvæmdastjóra Auðnu Tæknitorgs, formanni Samráðsvettvangs um aukna hagsæld, fulltrúum nýsköpunar- og sprotafyrirtækja, Framtíðarnefndar Alþingis, Vísindafélags Íslands og doktorsnema við Háskóla Íslands, auk Vísinda- og tækniráðs og báðum nefndum þess.

Niðurstöður verkefnishópsins voru að auki birtar í Samráðsgátt stjórnvalda og tillit tekið til þeirra athugasemda sem þar bárust við gerð frumvarpsins. Alls bárust ellefu umsagnir í samráðsgátt og var ein til viðbótar send eftir að formlegur umsagnartími rann út. Allar áttu umsagnirnar það sameiginlegt að fagna tímabærri endurskoðun laganna og þeim helstu sjónarmiðum sem verkefnishópurinn setti fram. Tillögu um að byggja upp aukna þekkingu til greiningar á vísindum, tækni og nýsköpun með sérhæfðari þjónustu við ráðið sem nýtist til opinberrar stefnumótunar var tekið fagnandi af öllum umsagnaraðilum. Veigamestu athugasemdir vörðudu áhyggjur af þeirri breytingu sem felst í því að aðgreina ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun frá Vísinda- og nýsköpunarráði og því að mögulega tapist þar mikilvægt samtal. Aðrir fögnuðu þó þeirri skiptingu og telja líklega til árangurs. Í frumvarpi þessu er hugmyndum verkefnishóps um aðskilnað ráðherranefndar og Vísinda- og nýsköpunarráðs haldið til streitu en samtal og aðhald tryggt með reglulegum samskiptum, fundum, endurgjöf í stefnumótun og sameiginlegri greiningar- og þjónustueiningu sem undirbýr störf hópanna beggja. Að öðru leyti koma sjónarmið um forsendur og styrkleika þess fyrirkomulags sem hér er lagt til fram í almennri umfjöllun í greinargerð.

6. Mat á áhrifum.

Í frumvarpinu felst stofnun nýrrar ráðherranefndar og endurskoðun á fyrirkomulagi þess sem áður hefur heitið Vísinda- og tækniráð. Einnig er gert ráð fyrir tveimur sérfræðingum á greiningar- og þjónustueiningu Vísinda- og nýsköpunarráðs innan ráðuneytisins en áður hefur einn sérfræðingur haldið um störf ráðsins. Breytingin gerir ráð fyrir auknum framlögum til stefnumótunar um vísindi, tækni og nýsköpun og hefur verið gerð greining á því. Forsendur greiningar eru að starfandi verði níu manna Vísinda- og nýsköpunarráð og að í því sitji líklega bæði fólk sem starfar á Íslandi og erlendis. Gert er ráð fyrir að greidd verði þóknun fyrir setu í ráðinu og flug og uppihald vegna 1-2 fundu á ári fyrir þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins.

Núverandi útgjöld vegna Vísinda- og tækniráðs eru um 18-22 millj. kr. á ári og falla á þrjú ráðuneyti: forsætisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Miðað við framangreindar forsendur er gert ráð fyrir að árleg útgjöld muni verða um 40 milljónir króna auk 3 milljóna króna stofnkostnaðs á fyrsta ári. Útgjöld aukast því um u.þ.b. 20 millj. króna.

Ávinningur af samþykkt þessa frumvarps er fjölþættur. Hann felst ekki síst í betri og gagnreyndari stefnumótun. Í dag er verulegum fjárhæðum varið í opinberan stuðning við vísindastarf og nýsköpun. Um 10 milljarðar kr. hafa runnið til sjóða sem tilheyrja lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs og til styrkja til nýsköpunarfyrirtækja vegna rannsókna og þróunarstarfsemi. Þá nema framlög til rannsóknarstarfs háskóla og rannsóknarstofnana tugum milljarða króna á ári hverju. Með því að auka greiningu á áhrifum opinberrar fjárfestingar á

sviði rannsókna, nýsköpunar og tækni og efla þekkingu innan íslenskrar stjórnsýslu á leiðum sem farnar eru alþjóðlega má efla faglega stefnumótun á sviðinu hér á landi, styrkja áhrifamat á þeim útgjöldum sem til málaflokksins renna og auka þannig jákvæð áhrif til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um meginmarkmið frumvarpsins og áhersla lögð á að fyrirkomulag yfirstjórnar vísinda, tækni og nýsköpunar sé skilvirkt og gagnsætt og að stefnumótun á sviðinu byggist á alþjóðlegri sýn og gagnreyndri þekkingu. Einnig er fjallað um það markmið að auka samhæfingu og samstarf milli ráðuneyta sem koma að málefnum vísinda, nýsköpunar og tækni.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt til að skipuð verði ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun. Tilgreindir eru ráðherrar þeirra málaflokka sem ávallt skulu skipa ráðið en jafnframt lögð áhersla á að kallaðir séu til aðrir ráðherrar í samræmi við áherslur ríkisstjórnar hverju sinni. Með áherslum er til dæmis átt við þau mál sem ríkisstjórn fjallar um í stjórnarsáttmála eða mál sem veigamikil eru í samfélaginu á hverjum tíma. Í skýrslu starfshóps forsætisráðherra var til dæmis lagt til að sjö ráðherrar skipuðu nefndina og voru þar til viðbótar tilgreindir umhverfis- og auðlindaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og heilbrigðisráðherra. Það er æskilegt að fleiri ráðherrar en þeir sem löggin tilgreina skipi ráðið enda eru málefni vísinda og nýsköpunar víðfem og líklegt til að snerta á fleiri sviðum eftir aðstæðum og áherslum hverju sinni.

Um 3. gr.

Í greininni er skilgreint hið nýja vísinda- og nýsköpunarráð og fjallað um skipan þess og hlutverk. Tekið er fram að ráðið skuli starfa sjálfstætt auk þess sem það veiti ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun ráðgjöf. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að ráðið sé vel skipað hæfustu sérfræðingum á ólíkum sviðum vísinda og nýsköpunar og hafi góð tengsl við vísinda- og nýsköpunarstarfsemi á alþjóðlegum vettvangi eins og nánar er tilgreint í 6 gr.. Nýmæli í greininni er að hvatt er til þess að ráðið skuli vinna að því að efla þátttöku í samfélagsumræðu um vísindi, nýsköpun og tækni. Mikilvæg forsenda þessa að efla megi samfélagsumræðu um vísindi og nýsköpun er aukið aðgengi að vísindalegum upplýsingum, gögnum, tölfræði og rannsóknarniðurstöðum sem gegna lykilhlutverki í upplýstri þjóðfélagsumræðu og ákvarðanatöku.

Lagt er til að í Vísinda- og nýsköpunarráði sitji níu einstaklingar og að skipaðir verði allt að níu varamenn. Ekki er þó talið nauðsynlegt að svo margir varamenn verði skipaðir en miðað við stærð ráðsins má ætla að skipan 3-4 varamanna ætti vel að duga. Þannig er hægt að mælast til þess við skipun ráðsins að varamenn séu boðaðir til funda og/eða vel upplýstir um starf ráðsins hverju sinni til að tryggja samfellu í starfi þess.

Mælt er fyrir um tíðni funda Vísinda- og nýsköpunarráðs með ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun og lagt til að þeir verði 1-2 fastir fundir á ári, að jafnaði. Fundir geta þó verið fleiri ef tilefni þykir til.

Um 4. gr.

Lagt er til að stefnumótun, bæði til langs tíma og skamms, sé í höndum ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun. Stefna og aðgerðaáætlun í vísinda- og nýsköpunarmálum ætti að hafa mælanleg markmið til skemmri tíma og vera uppfærð reglulega. Til að auðvelda tengingu aðgerða við undirbúning fjármálaáætlunar og fjárlaga er mælt til að uppfærð aðgerðaáætlun verði gefin út um þremur mánuðum fyrir framlagningu tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun. Samstarfshópur ráðuneyta um málefni Vísinda- og tækniráðs hefur reynst mikilvægur vettvangur fyrir samráð og samræmingu við undirbúning og eftirfylgni vísinda- og tæknistefnu og mun áfram gegna lykilhlutverki í að vinna að framtíðarsýn, stefnu og aðgerðaáætlunum í vísinda- og nýsköpunarmálum með stuðningi greiningar- og þjónustueiningarinnar innan ráðuneytisins.

Lagt er til að Vísinda- og nýsköpunarráð leggi árlega fram stöðuskýrslu til forsætisráðherra sem verði kynnt á Alþingi. Gert er ráð fyrir að skýrslan fjalli m.a. um stefnu ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun, auk þess að fjalla um mikilvægar áherslur, hugmyndir eða umbætur, t.d. með tilvísun í mælikvarða og greiningu á virkni og árangri vísinda- og nýsköpunarkerfisins.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um stuðning við ráðherranefnd og Vísinda- og nýsköpunarráð sem veittur verði af sérfræðingum innan ráðuneytis og ætlað er að efla muni starf bæði nefndar og ráðs með því að auka notkun gagna, bæta faglega greiningu á viðfangsefnum stefnumótunar sem fengist er við og skapa stöðugleika og samfellu í greining á kerfi vísinda og nýsköpunar. Sérstaklega er kveðið á um faglegt sjálfstæði sérfræðinganna sem tryggja á hlutleysi í greiningum og störfum.

Þessi starfseining heyrir undir þann ráðherra sem fer með málefni ráðsins samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu málefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands hverju sinni. Til skýringa vísast að öðru leyti til 3. kafla greinargerðarinnar.

Um 6. gr.

Lagt er til að tilnefningarnefnd skili forsætisráðherra tillögum um fulltrúa í Vísinda- og nýsköpunarráð sem er nýmæli í samræmi við tillögur verkefnishóps um breytt lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs. Hlutverk tilnefningarnefndarinnar er að tryggja að í ráðinu sé góð þekking á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. Gert er ráð fyrir að tilgreindur verði fjöldi tilnefninga sem óskað er eftir, m.a. með tilliti til fjölda varamanna sem á að skipa. Áhersla er lögð á að horft sé til samsetningar ráðsins og tryggt að þar sitji fulltrúar með afburðaðekkingu og reynslu hver á sínu sviði. Leitast ætti við að í ráðinu skulu sitji, eftir því sem kostur er, erlendir sérfræðingar eða innlendir sérfræðingar með nýlega reynslu af erlendum vettvangi og má vísa í umfjöllun í 2. kafla þessarar greinar um kosti þess.

Um 7. gr.

Lagt er til að forsætisráðherra geti sett nánari ákvæði um starfsemi Vísinda- og nýsköpunarráðs og tilnefningarnefndar eftir því sem þörf er á.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Í greininni eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á öðrum lögum sem leiða af breyttu fyrirkomulagi og heiti Vísinda- og nýsköpunarráðs.